



687. fundur bæjarráðs Hveragerðis
haldinn Breiðumörk 20, fimmtudaginn 16. nóvember 2017 kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Friðrik Sigurbjörnsson varaformaður, Eyþór H. Ólafsson, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Friðrik Sigurbjörnsson, varaformaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Bréf frá Dómsmálaráðuneytinu frá 30.október 2017. - 1711019

Í bréfinu er rætt um greiðslur til sveitarfélaga vegna kosninga til Alþingis 2017.

Lagt fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Dómsmálaráðuneytinu frá 30.október 2017. - 1711019](#)

2. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 6. nóvember 2017. - 1711026

Í bréfinu er rætt um upplýsingagjöf sveitarstjórna við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Umhverfisstofnun frá 6. nóvember 2017. - 1711026](#)

3. Bréf frá Brunabótafélagi Íslands frá 30.október 2017. - 1711015

Í bréfinu er kynnt ágóðahlutagreiðsla EBÍ árið 2017 en Hveragerðisbær fær kr. 593.500.-

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Brunabótafélagi Íslands frá 30.október 2017. - 1711015](#)

4. Bréf frá KPMG frá september 2017. - 1711022

Lögð fram skýrsla frá KPMG um sameiningu sveitarfélaga Árnassýslu og fundargerð starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu sem haldinn var 19. september.

Niðurstaða starfshópsins er að ljúka störfum án þess að skila formlegu álitum um mögulega sameiningu sveitarfélaganna átta í sýslunni.

Bæjarráð þakkar KPMG fyrir áhugaverða skýrslu og gott samstarf. Jafnframt er fulltrúum annarra sveitarfélaga í sýslunni þakkað fyrir góða samvinnu og áhugaverða fundi. Skýrsla KPMG veitir góða innsýn í málefni sveitarfélaga á svæðinu og þá



möguleika sem fyrir hendi eru. Bæjarráð leggur til að fylgst verði grannt með þeim breytingum sem verða munu á sveitarstjórnarstiginu á næstunni og að ávallt verði hagsmunir Hveragerðinga hafðir í fyrirrúmi.

Fylgiskjöl:

[Bréf frá KPMG frá september 2017. - 1711022](#)

5. Bréf frá Golfklúbbi Hveragerðis frá 22.október 2017. - 1711023

Í bréfinu óskar Golfklúbbur Hveragerðis eftir styrk frá Hveragerðisbæ til viðhalds og endurbóta á húsnæði GHG og að koma upp heilsárs kennsluáðstöðu.

Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og þeir starfsmenn sem fara fyrir þeim málaflokkum sem hér um ræðir hitti forsvarsmenn GHG eins fljótt og kostur er og ræði þar hugmyndir um framtíðaruppbyggingu á svæði GHG í Ölfusdal.

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Golfklúbbi Hveragerðis frá 22.október 2017. – 1711023](#)

[1711023 - Ársreikningur GHG árið 2016](#)

[1711023 – Fjárhagsáætlun GHG 2017](#)

6. Bréf Ingibjörgu Sigmundsdóttur og Hreini Kristóferssyni ódagsett. - 1711016

Í bréfinu óska bréfritarar eftir að Hveragerðisbær falli frá forkaupsrétti af húseigninni Hveramörk 7.

Bæjarráð samþykkir að fresta afgreiðslu og felur bæjarstjóra að ræða við bréfrítara.

Fylgiskjöl:

[Bréf Ingibjörgu Sigmundsdóttur og Hreini Kristóferssyni ódagsett. – 1711016](#)

7. Bréf frá Magneu Jónasdóttur frá 31.október 2017. - 1711017

Í bréfinu óskar bréfritari eftir áframhaldandi stöðuleyfi fyrir söluskálann Dalakaffi við bílastæðið í Ölfusdal, ásamt verönd og salernisaðstöðu.

Bæjarráð samþykkir að veita bréfrítara stöðuleyfi fyrir söluskálann Dalakaffi til 1. apríl 2019. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við bréfrítara á sömu forsendum og áður hefur verið gert.

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Magneu Jónasdóttur frá 31.október 2017. – 1711017](#)

8. Bréf frá íbúum við Reykjamörk í Hveragerði ódagsett. - 1711025

Í bréfinu sem undirritað er af fjórum íbúum við Reykjamörk er rætt um rekstur tjald- og þjónustusvæðis við Reykjamörk í Hveragerði sem þeir telja hafa verulega truflandi áhrif á búsetu þeirra.

Bæjarráð harmar að starfsemi tjaldsvæðis virðist vera til jafn mikils ama og þarna kemur fram og felur skipulags- og mannvirkjanefnd að skoða með hvaða hætti megi koma til móts við sjónarmið bréfrítara.

Fylgiskjöl:

[Bréf frá íbúum við Reykjamörk í Hveragerði ódagsett. – 1711025](#)



9. Minnisblað frá bærstjóra vegna æfinga Brunavarna Árnassýslu. - 1711027

Lagt fram minnisblað frá bærstjóra vegna óformlegs erindis frá forsvarsmönnum Brunavarna Árnassýslu þar sem óskað er eftir því að slökkviliðsmenn fái aðgang að húseignum á Friðarstöðum til æfinga.

Bæjarráð samþykkir að heimila Brunavörnum Árnassýslu að æfa sig á svæðinu enda verði tryggt að af æfingum stafi engin hætta og að nýjasta íbúðarhúsið verði varið á meðan á æfingum stendur.

Fylgiskjöl:

[Minnisblað frá bærstjóra vegna æfinga Brunavarna Árnassýslu. – 1711027](#)

10. Forkaupsréttur að Austurmörk 20. - 1711024

Lagður fram kaupsamningur vegna Austurmarkar 20 fastanr. 223-4365 matshluti 02-01-05 og óskað eftir því að Hveragerðisbær falli frá forkaupsrétti af eigninni. Erindið var áður á dagskrá bærstjórnar 9. nóvember en vegna misræmis í kauptilboði var málinu vísað til bæjarráðs og fól bærstjórn bæjarráði fullnaðarafgreiðslu málsins.

Bæjarráð samþykkir að fallið verði frá forkaupsrétti að eigninni í þetta sinn.

11. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27.október 2017. - 1711018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

[Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27.október 2017. – 1711018](#)

12. Fundargerð Bergrisans frá 25.október 2017. - 1711021

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

[Fundargerð Bergrisans frá 25.október 2017. - 1711021](#)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:12

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Eypór H. Ólafsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)

